

## **Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2016**

Bókasafns Grindavíkur, Ásabraut 2

netfang: [bokasafn@grindavik.is](mailto:bokasafn@grindavik.is)

veffang: [www.grindavik.is/bokasafn](http://www.grindavik.is/bokasafn)

**Afgreiðslutími:** Frá 1. janúar var safnið opið frá 8-18 alla virka daga (frá 8 fyrir nemendur og frá 10 fyrir almenning) en lokað var á laugardögum frá og með 1. Janúar.

Afgreiðslutíminn var svo frá 12.30-18.00 yfir sumarmánuðina, en hefðbundinn opnun tók við 23. ágúst og var safnið opið í alls 278 daga.

**Húsnæði:** Safnið er í 443m<sup>2</sup> húsnæði á jarðhæð, auk geymslu í kjallara.

**Tölvukerfi:** Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

**Rafrænn aðgangur:** Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum á leitir.is, auk þess að hafa þrjár borðtölvur og spjaldtölvur í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

**Rekstrartölur:** Fjárhagsáætlun 2016 hljóðar upp á útgjöld fyrir 36.082.941 kr. þar sem launakostnaður og rekstur sameiginlegra þátta lðunnar er 18.101.000 kr.

**Starfsfólk:** Forstöðumaður, Andrea Ævarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, var í 100% stöðu. Guðbjörg Ásgeirsdóttir var í 70% stöðu og Viktoría Róbertsdóttir í 100% stöðu fram til 1. ágúst, en hún fékk eins árs launalaust leyfi frá störfum til að snúa aftur til kennslu þar sem ekki náðist að manna umsjónarkennslu fyrir 4. bekk til fulls. Í hennar stað kom Kristín Konráðsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur en vann hún aðeins til áramóta af heilsufarsástæðum. Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður er í 25% stöðu, á vegum Atvinnu með stuðningi (stöðugildið heyrir ekki undir safnið).

### **Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2016: (tölur frá síðasta ári í sviga)**

- Afgreiðslutími var 54 klst á viku, nema á tímabilinu 1. júní til 23. ágúst, en þá var opið í 27,5 tíma á viku. Breyting verður á opnunartíma fyrir 2017 að almenningssafnið verður opið frá 8-18 á starfstíma skóla.
- Fjöldi lánþega með gild skírteini við árslok 2016 voru 870 (898) en flestir voru þeir í ágúst eða 944.
- Heimsóknir voru um 10.462 (8.930) sem eru töluðvert fleiri en á síðasta ári og greinum við starfsfólkið vel þessa fjölgun safngesta.
- Fjöldi skráðra eintaka í Gegni við árslok voru 33.379 (27.441).
- Fjöldi nýskráðra gagna á árinu var 7.795 (4.501). Aukning á nýskráðum gögnum stafar af því að nú eru skólabækur einnig skráðar í kerfið og eigum við 30-60 eintök af mörgum þeirra.
- Fjöldi afskráðra gagna á árinu, með skólasafni, var 3.131 (2.149). Stafar þetta af því að þegar bókasafnið flutti var tekið upp nýtt verklag við eftirfylgni með líftíma gagna og hefur það gefist vel við að halda safnkosti núgildandi og viðeigandi (current & relevant)

- Sumarlestur var með versta móti og er í skoðun að leggja hann niður árið 2017 í núverandi mynd.
- Útlán safnsins voru alls 35.765 (27.415). Inn í þessari tölu eru einnig útlán á námsbókum til nemenda. Þetta þýðir að hver lánþegi fékk að meðaltali 41 (30,5) bók að láni á árinu 2016.

#### Helstu verkefni ársins:

- Áframhald var á grisjun safnkosts og merkingu og plöstun námsbóka. Samstarf við kennara og nemendur er gott og alls kyns byrjunarörðugleikar nú nánast alfarið úr sögunni.
- Á árinu 2016 tók forstöðumaður safnsins þátt í að halda landsfund Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, sem haldinn var á suðurnesjum í þetta sinn. Landsfundur þessi er haldinn annað hvert ár og er ætíð vel sóttur. Að þessu sinni skráðu 193 félagar sig til leiks og hefur landsfundurinn ekki verið stærri frá hrúni.

#### Helstu viðburðir ársins:

- Menningardagar Grindavíkur – Hjalti Parelíus málari hélt sýningu á nýjum verkum sínum á bókasafninu og gamlar ljósmyndir og verk í eigu Grindavíkurbæjar voru sýnd í rýminu sem áður hýsti bókasafnið á Víkurbraut 62. Einnig var sýning á listaverkum úr leir unnum af Fannari Þór Bergssyni listamanni. Leirlistaverkin vöktu mikla hrifningu meðal nemenda grunnskólans.  
Tónleikar á vegum safnsins voru haldin í Kvikunni þar sem fram komu Dagbjartur Willardsson og dóttir hans Guðrún Lilja, Agnar Steinarsson, Pálmar Örn Guðmundsson, Arney Sigurbjörnsdóttir, Tómas Guðmundsson og feðgarnir Sveinn og Guðjón komu einnig fram að ótöldum Vísiskórnum.
- Ragga Nagli (Ragnhildur Þórðardóttir) kom og hélt fyrirlestur um heilsu og vellíðan og hélt einnig matreiðslunámskeið sem var þokkalega vel sótt.
- Fyrsta Norðurlandamótið í Slither.io var haldið í nóvember og fóru leikar svo að drengur úr 5. S, Óliver Adam, varð í 4. sæti yfir öll Norðurlöndin og 1. sæti á Íslandi. Þátttakan í mótinu var þokkaleg en verður vonandi betri á árinu 2017.

#### Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, [www.grindavik.is/bokasafn](http://www.grindavik.is/bokasafn) er upplýsingaveita safnsins ásamt Facebook-síðu. Safnið er einnig komið á pinterest, instagram og snapchat.

#### Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni.

Lánum bókakassa í skip.

Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur. Leikskólarnir fá einnig lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

**Kerfisleg þjónusta við lánþega:** sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum.

### **Samstarfssöfn og félög:**

- Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðumaður sækir aðalfund.
- Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðumaður sækir árleg ráðstefnu og aðalfund.
- Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðumaður sækir fundi eftir þörfum.
- Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, SFA – forstöðumaður sækir fundi vor og haust.
- Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðumaður sækir landsfund annað hvert ár og ráðstefnu á vegum félagsins hitt árið.
- Félag fólks á skólasöfnum heldur fundi óreglulega og sækir forstöðumaður þá fundi.
- Nýlega var stofnaður félagsskapur skólabókasafna á Suðurnesjum og sækir forstöðumaður þá fundi.

Grindavík, 31. Janúar 2017

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður.